



## BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS

Selfossi 23. mars 2017

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti  
B/t Nielsar Árna Lund

Til Búnaðarsambandsins leitaði Gylfi Ívar Magnússon kt 190763-3749 til heimilis að Safamýri 65 Reykjavík, vegna stofnunar lögbýlis út frá lögbýlinu Svínhaga í sveitarfélaginu Rangárþingi Ytra. Fyrirhugað er að nefna landið Kjarr en tilkynna verður örnefnanefnd heiti lögbýlisins í samræmi við lög nr. 35/1953.

Landstærð er 6,4 ha og er merkt sem SH14 á meðfylgjandi loftmynd. Landið er í 100 -105 m hæð yfir sjó, lítið gróið hraun og berangur. Landið afmarkast af austurhluta frístundasvæðis Heklubyggðar til norðurs. Þingskálavegi nr 268 til austurs og Kanastaðalæk til suðurs og vesturs

Áform eru um að stunda skógrækt áfram en umsækjandi hefur verið þátttakandi í Hekluskógum frá árinu 2008 og gróðursett ca 12-15 þúsund plöntur. Deiliskipulag og byggingaleyfi liggur fyrir og verið að byggja steinsteypt íbúðarhús sem er 140 m<sup>2</sup> að stærð.

Undirrituðum líst vel á áform umsækjanda og mælir með stofnun lögbýlis á áðurnefndri spildu en bendir á að ef ekki er búseta á lögbýli í 2 ár skráist það sem eyðibýli.

Virðingafyllst

Sveinn Sigurmundsson

Búnaðarsambandi Suðurlands